

150 eða 2 menn í Svarfaðardalshreppi til þess að endurskoða reikninga sjóðsins og skulu reikning-
11. júlí arnir með fylgiskjölum, athugasemdum ef nokkrar eru og svörum jafnan sendast sýslunefnd til úrskurðar á sýslufundi og síðan birtir í sýslufundargerðinni.

5. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum sendast stjórninni skriflegar fyrir þann tíma á hverju ári, er hún til tekur. Styrkbeiðninni skulu fylgja meðmæli og vottorð um reglusemi, góða hæfileika og ástundun frá iðnmeistara þeim, sem nemandi vinnur hjá, ef hann er utan sveitar; svo skal og í umsókninni gerð grein fyrir því til hverskonar iðnnáms eigi að nota styrkinn og á hvaða stað utanlands eða innan.

Veltir síðan stjórnin styrkinn samkvæmt áður skráðum reglum þeim umsækjendum, er hún telur hæfasta; skulu að öðru jöfnu þeir sitja fyrir, sem lengst eru komnir áleiðis með námið, en vegna fjárskorts eiga erfitt með að ljúka því eða afla sjer frekari fullkomunar í iðn sinni, eftir að hafa tekið sveinspróf.

Verði ágreiningur í stjórninni um styrkveitinguna, ræður meiri hluti.

Akureyri 1. október 1918.

Rögnvaldur Snorrason. *Gunnur Snorrason.*
(Erfingjar Snorra Jónssonar.)

151 Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjakaupstað hefir samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894,
11. júlí sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, gjört og hjeraðsfundur fallist á eftirfarandi

Samþykkt

um viðauka við og breytingar á samþykkt um ýms atriði er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða með háf á Heimalandinu frá því 11 vikur af sumri þar til 16 vikur eru af sumri.

Þar sem nú er leyfð lundaveiði má veiða á sama tíma í sumar.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 17. júlí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.